



# ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

## NR. 11 – JÚLÍ '79



## Bjargað úr N-hlíð Eiger

Sex breskir fjallgöngumenn, sem gerðu tilraun til að klífa hinn hrikalega, 1800 m háa norðurvegg Eigertinds í febrúar sl., gáfust upp aðeins 200 m frá tindinum og voru hífðir upp í þyrlu á 9. deginum í vegnum.

Fjallgöngumennirnir, Simon McCartney 23ja ára, Steven Haston 21 árs, Anthony Saunders 29 ára, David Cuthbertson 29 ára, William Barker 35 ára og Howard Lancashire 26 ára, sem allir eru þrautþjálfaðir fjallgöngumenn, byrjuðu klifrið vel og á 3ja degi voru þeir komnir það hátt, að niðurför yrði álíka torsótt og áframhaldandi klifur.

-28-

Þegar þeir reyndu að komast þvert yfir ísfoss þann daginn, hrappið Steven. „Ísfossinn hafði verið klifinn í flýti,” sagði Steven, „og þegar ég var kominn út í hann miðjan, félí ísinn út frá berginu og ég með. Ég féll 10 m áður en línan tók fallið. Ég kom til sjálfs míni, starandi á þorpið niðri í dalnum, 2600 m neðar. Ég hef alltaf verið taugaðstyrkur í mikilli hæð, en ég áttáði mið fljóttlega og kom mér að bergen einst fljótt og ég gat, svo að áfallið nædi ekki yfirhöndinni á mér.”

Simon McCartney sagði, að þeir hefðu neyðst til að klífa án vettlinga á ísuðum klettunum, og því hefði hann kalið. „Öll húð var farin af höndunum á mér – hún hafði orðið eftir á klettum og ís.” Hann sagði einnig: „Það tók okkur eitt sinn meira en tvær klst. að klífa eina línlengd. Þann daginn komumst við aðeins 100 m.”

Leiðangurinn tókst á við two af dauðastöðum norðurveggjarins, „Breiduna” (the ramp), en það er 450 m veggur af ís, og „Leið Guðanna” (the traverse of the gods). En það var á „Hvítu Kóngulónni,” sem þeir ákváðu að gefa tilraunina upp á báttinn. Þeir náðu lítillyi syllu í myrkri: „Við áttum þjáningarfulla nótt” sagði Simon. „Snjóskriðurnar keptust við að fleygja okkur af fjallinu og við þurftum sífellt að fara á fætur og hreinsa frá tjaldinu okkar.”

„Svefnþokarnir okkar voru frosnir, sömuleiðis skórnir okkar, myndavélarnar og filmurnar. Við vöknudum næsta dag – þann áttunda – og ákváðum að hætta við tindinn, það væri of áhættusamt. Frostið var  $-30^{\circ}\text{C}$ . Við höfðumst við í pokunum uns okkur var bjargad.”

„Þetta var versti dagurinn, ég hélt við myndum ekki hafa það af,” sagði Steven Haston.

Eftir björgunina var farið með þá á spítala í Steckelberg, þar sem gert var að sárum þeirra, en þess má geta, að Simon McCartney lagði aftur á vegginn eftir spítalavistina, sex vikum síðar, ásamt einum félaga sínum. Klifu þeir vegginn á einni viku.

Snævarr Guðmundsson